



HÚNAÞING
VESTRA



2023-2026

JAFNRÉTTIS
ÁÆTLUN
HÚNAÞINGS
VESTRA

JAFNRÉTTISÁÆTLUN

HÚNAÞING VESTRA



Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt allra einstaklinga. Byggðarráð fer með hlutverk jafnréttisnefndar og hefur umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn.

Jafnrétti er sameiginlegt réttlætismál einstaklinga með velferð þeirra að leiðarljósi. Jafnréttisáætlunin er mikilvægt verkfæri til að vinna að jafnri stöðu íbúa sveitarfélagsins á öllum svíðum samfélagsins. Í áætluninni felst viðurkenning á því að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að raunverulegt jafnrétti milli ólíkra þjóðfélagshópa náist. Áætlun um jafnréttismál, með skýrum markmiðum og tímasettri aðgerðaáætlun, þar sem ábyrgð og eftirfylgni er tryggð, gegnir veigamiklu hlutverki þegar unnið er að jafnrétti.

Í áætluninni er tekið á hvernig unnið skal að kynja- og jafnréttissjónarmiðum í starfsemi sveitarfélagsins. Tiltekin eru markmið og aðgerðir til að stuðla að jafnrétti í þjónustu sveitarfélagsins og í starfsmannamálum.

JAFNRÉTTISÁÆTLUN

HÚNAÞING VESTRA

Með jafnréttisáætluninni er farið að lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 151/2020 um stjórnsýslu jafnréttismála, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Einnig eru kröfur úr ÍST 85:2012 jafnlaunastaðlinum hafðar að leiðarljósi.

Áætlunin hefur jafnframt vísan í aðrar stefnur og áætlanir sveitarfélagsins, svo sem menntastefnu, mannauðsstefnu og áætlum um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi. Einnig hefur hún skírskotun til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefni um Barnvænt sveitarfélag sem og verkefnið Heilsueflandi samfélag.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnsýslu jafnréttismála skulu sveitarstjórnir að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að sveitarfélagið setji sér áætlun um jafnréttismál fyrir nýtt kjörtímabil. Áætlunin skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, hún rædd árlega í sveitarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum.

Húnaþing vestra er í góðri stöðu til að vinna að jafnrétti í samfélagini bæði vegna nálægðar við íbúana og þess þríþætta hlutverks sem það hefur, sem stjórnvald, vinnuveitandi og þjónustuveitandi. Virk áætlun um jafnréttismál hjá sveitarfélagini, þar sem unnið er að jafnrétti á öllum þessum sviðum, stuðlar að réttlátara og eftirsóknarverðara samfélagi fyrir alla.



Allar deildir, svið og stofnanir sveitarfélagsins skulu taka mið af jafnréttisáætluninni.

Markmið áætlunarinnar

Allir einstaklingar skulu njóta grundvallar mannréttinda og eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkennum, kyntjáningar og annarrar stöðu. Lögð er áhersla á frumkvæði sveitarfélagsins í jafnréttismálum.

Meginsvið

Yfirmarkmið stefnunnar skiptast í þau fjögur meginvið sem Húnaþing vestra skuldbindur sig til að vinna að jafnrétti á og endurspeglar margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélagsins sem stjórnvalds, vinnuveitanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila. Í aðgerðaráætlun hvers sviðs er gerð grein fyrir meginmarkmiðum, aðgerðum, ábyrgðaraðila og innan hvaða tímaramma þær skuli unnar.

Húnaþing
vestra sem
stjórnvald

Húnaþing
vestra sem
vinnuveitandi

Húnaþing
vestra sem
veitandi
þjónustu

Húnaþing
vestra sem
samstarfs-
aðili

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem stjórnvald

Sveitarstjórn Húnaþings vestra gegnir mikilvægu hlutverki í vinnu að jafnréttismálum, sem gengur þvert á málaflokka. Til að jafnréttismál séu í góðum farvegi innan stjórnsýslunnar þarf sveitarstjórn að vera vel að sér í viðfangsefninu og gegnir jafnréttisáætlun þar mikilvægu hlutverki. Sveitarstjórn skipar jafnréttisnefnd sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og mannréttindi allra íbúa sveitarfélagsins í samræmi við stefnu þessa. Sveitarstjórn hefur falið byggðarráði að fara með hlutverk jafnréttisnefndar.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins

Nefndir skulu skipaðar á fjölbreyttum grunni. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal í samræmi við jafnréttislög gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Það sama gildir um hlutafélög og fyrirtæki sem Húnaþing vestra kann að vera aðaleigandi að sem og þau verkefni sem unnið er að í samvinnu við önnur sveitarfélög. Vinnuhópar og starfshópar sem stofnað er til á vegum sveitarfélagsins skulu skipaðir einstaklingum af báðum kynjum og mikilvægi fjölbreytni haft í huga. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefninga í nefndir, ráð og stjórnir. Þegar jafnréttissjónarmiða er gætt við stefnumótun eru meiri líkur eru á að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni allra. Þetta á einnig við um þar sem unnið er að pólitískum markmiðum. Leitast skal við að ólíkir þjóðfélagshópar hafi aðkomu að ákvarðanatöku.

Aðgerð

Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til formanns byggðarráðs.

Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2026 verður birt áskorun til framboða sem hyggjast bjóða fram á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem hvatt verður til jafnarar stöðu kynjanna og fjölbreytni á framboðslistum.

Frétt birt á miðlum sveitarfélagsins þar sem fyrirtæki, hlutafélög og aðilar að samstarfsverkefnum sem sveitarfélagið er þátttakandi í þar sem athygli er vakin á áætluninni og þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra samkvæmt henni.

Ábyrgð

Sveitarstjóri.

Sveitarstjóri.

Sveitarstjóri.

Tímamörk

Samhliða vinnu við gerð ársreiknings ár hvert.

Snemma árs 2026 verður hvatning birt á heimasíðu sveitarfélagsns.

Fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2025.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem stjórnvald

Kynning

Frammistaða í jafnréttismálum og mannréttindamálum almennt birtist íbúum í gegnum samskipti þeirra við sveitarfélagið, í þeirri þjónustu sem íbúar fá og á vinnustað þegar starfsfólk sveitarfélagsins á í hlut. Jafnréttisáætlun skal kynnt starfsfólk og íbúum og hún gerð aðgengileg á vefmiðlum sveitarfélagsins.

Almennt skal lögð áhersla á að fréttatflutningur og umfjöllun á vefmiðlum sveitarfélagsins og annarsstaðar taki mið af jafnréttissjónarmiðum.

Aðgerð

Athygli vakin á áætluninni árlega með birtingu á vefmiðlum sveitarfélagsins.

Jafnréttisáætlun kynnt árlega fyrir starfs- og nefndarfólk.

Fréttir og fjölmíðlaumfjöllun rýnd til að leggja mat á hvort jafnréttissjónarmiða sé gætt.

Nota skal kynhlutlaust orðalag í efni sem gefið er út af sveitarfélagini.

Efni á vefmiðlum sveitarfélagsins sé aðgengilegt á flestum þeim tungumálum sem notuð eru í sveitarfélagini.

Ábyrgð

Sveitarstjóri.

Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.

Sveitarstjóri, sviðsstjórar og þeir sem fram koma fyrir hönd sveitarfélagsins.

Allir þeir sem skrifa efni fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.

Tímamörk

Að aflokinni endurskoðun ár hvert.

Að aflokinni endurskoðun ár hvert.

Aldrei lokið.

Aldrei lokið.

Lokið.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem stjórnvald

Samþætting mannréttindasjónarmiða í stefnumótun

Horft verði til þeirra þátta eftir atvikum sem snert geta kyn, hinsegin fólk, fólk á mismunandi aldri, með mismunandi trú, af ólíku þjóðerni og með ólíka fötlun á ólíkan hátt og brugðist við ef sýnt þykir að verulega muni halla á einhverja breytu með ákveðinni ákvörðun. Mikilvægt er að meta hvaða áhrif ákvárdanir muni hafa á líf ólíkra hópa.

Aðgerð

Fraeðsla um samþættingu mannréttindasjónarmiða fyrir sveitarstjórnarfólk, nefndarfólk og stjórnendur sveitarfélagsins.

Ábyrgð

Sveitarstjóri.

Tímamörk

Fyrir lok annars ársfjórðungs 2025.

Afnám staðalímynda

Haldið verði á lofti jákvæðum ímyndum af fólk i óháð kyni, kynhneigð, – vitund, – tjáningu og -einkenni, aldri, trú, þjóðerni eða fötlun og samhliða því unnið gegn fordóumum, háttsemi, málfari og myndmáli sem byggja á hugmyndum um æðri og óæðri stöðu eins samfélagshóps eða á staðalímyndum. Umfjöllun og myndbirtingar á upplýsingamiðlum sveitarfélagsins skulu ekki mismuna hópum eða einstaklingum eða séu þeim til minnkunar.

Aðgerð

Ritaður texti og myndbirtingar mismuni ekki eða séu einstaklingum eða hópum til minnkunar.

Fraeðsla fari fram á vegum Samtakanna78 í öllum stofnunum sveitarfélagsins.

Ábyrgð

Allir þeir sem setja efni inn á vefmiðla sveitarfélagsins, koma fram í fjölmöldum eða tjá sig út á við í nafni sveitarfélagsins.

Forstöðumenn stofnana.

Tímamörk

Aldrei lokið.

Árlega í samræmi við samning sveitarfélagsins við Samtökin78.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem vinnuveitandi

Rannsóknir sýna að fjölskylduvænt vinnuumhverfi leiðir til aukinnar starfsánægju, betri frammistöðu og minni starfsmannaveltu. Jöfn ábyrgð beggja foreldra er afar mikilvæg og stuðlar að jöfnuði á öðrum sviðum samfélagsins. Atriði þessu tengd skulu tilgreind í mannauðsstefnu Húnaþings vestra. Til þess að ná markmiðum stefnunnar skal bjóða eins og kostur er, og verkefni og aðstæður leyfa, upp á sveigjanlegan vinnutíma, lámarka yfirvinnu, stefnt að því að halda ekki fundi á þeim tínum sem sökja þarf börn í leikskóla, á kvöldin eða um helgar og hvetja foreldra til að skipta með sér veikindadögum barna og fæðingarorlofi.

Aðgerð

**Endurskoðun mannauðsstefnu
Húnaþings vestra**

Ábyrgð

Sveitarstjóri, sviðsstjórar og
forstöðumenn stofnana.

Tímamörk

Lokið.

Launajafnrétti

Launajafnrétti stuðlar að fjölbreytni á vinnumarkaði og hefur auk þess bein áhrif á hag fjölskyldna. Starfsfólk hjá Húnaþingi vestra skulu greidd jöfn laun og það njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni og aldri í samræmi við jafnlaunavottun sveitarfélagsins.

Aðgerð

**Launagreining framkvæmd reglulega
til að tryggja að kynbundinn
launamunur sé ekki til staðar.**

Viðhald jafnlaunavottunar.

Ábyrgð

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Tímamörk

Í tengslum við árlegar úttektir
jafnlaunavottunar.

Árlega.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem vinnuveitandi

Ráðningar og starfsþróun

Áhersla er lögð á að stofnanir Húnaþings vestra endurspeglí fjölbreytileika íbúa sem best og markvisst unnið að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla þannig að því að störf flokkist ekki í kvenna- eða karlastörf, hvorki í almennum störfum né stjórnunarstörfum. Jafnframt að sveitarfélagið mismuni ekki beint né óbeint vegna kynþáttar, þjóðernis, aldurs, kynhneigðar eða hvers annars við ráðningar. Fastar stöður hjá stofnunum sveitarfélagsins skulu ávallt auglýstar lausar til umsóknar. Koma skal fram í auglýsingu hvatning þess efnis að öll kyn sæki um störfin.

Áhersla er lögð á að starfsfólk Húnaþings vestra njóti sömu möguleika til starfsþróunar óháð kyni og aldri eða öðrum breytum eftir atvikum.

Aðgerð

Ráðningar skulu vera samkvæmt stjórnsýslulögum, jafnréttislögum, öðrum þeim gildandi lögum sem varða ráðningar og gildandi reglum og samþykktum sveitarfélagsins.

Í starfsauglýsingum kemur fram hvatning um að öll kyn sæki um störf.

Árlegar tölfræðiupplýsingar á samsetningu vinnuafls sveitarfélagsins með tilliti til kyns og aldurs og annarra aðgengilegra breyta.

Starfsfólk sækir starfsþróun samkvæmt starfsþróunaráætlun vinnustaðar sem byggir á verk-efnum og vaxtarþörf starfsfólks óháð kyni, aldri eða öðrum breytum eftir atvikum.

Ábyrgð

Sá sem ber ábyrgð á ráðningunni.

Sá sem ber ábyrgð á ráðningunni.

Launafulltrúi.

Sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana í samræmi við úttekt Farskólans og verkefnið Fraeðslustjóri að láni.

Tímamörk

Alltaf þegar störf eru laus til umsóknar.

Alltaf þegar störf eru laus til umsóknar.

Í samhengi við ársreikning ár hvert, fyrst árið 2025.

Árlega eða eftir þörfum.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem vinnuveitandi

Samræming vinnu og einkalífs

Á vinnustöðum Húnaþings vestra verði starfsfólk gert kleift að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð eins og kostur er og eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa. Mikilvægt er að starfsmenn njóti sveigjanleika vegna samræmingar starfs- og fjölskylduábyrgðar á vinnustöðum sínum ef þess er nokkur kostur þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa vinnustaðarins.

Aðgerð

Starfsfólk gefinn kostur á mismunandi starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma ef þess er nokkur kostur með tilliti til kjarasamninga, verkefna viðkomandi starfsmanns, aðstæðna og fjárheimilda hverju sinni.

Forráðamenn/foreldrar hvattir til að nýta/taka til jafns fæðingar- og foreldraorlof og heimaveru vegna veikinda barna.

Ábyrgð

Sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana.

Sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana.

Tímamörk

Aldrei lokið.

Aldrei lokið.



Á vinnustöðum Húnaþings vestra verði starfsfólk gert kleift að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð eins og kostur er og eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem vinnuveitandi

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og hverskyns ofbeldi

Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er aldrei liðin. Stjórnendur skulu leitast við að vera ávallt meðvitaðir um ríkjandi vinnustaðamenningu og grípa til ráðstafana brjóti hún í bága við áætlun þessa eða aðrar áætlanir og stefnur sem sveitarfélagið eða stofnanir þess hafa sett sér.

Aðgerð

Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð skulu vera til staðar og aðgengilegar á starfsmannavef Húnaþings vestra.

Hvers kyns ofbeldi er aldrei liðið í stofnunum sveitarfélagsins.

Reglubundin fræðsla um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.

Ábyrgð

Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana.

Allt starfsfólk.

Forstöðumenn.

Tímamörk

Aldrei lokið. [Viðbragðsáætlun uppfærð 2024.](#)

Aldrei lokið.

Í samræmi við samning við Samtökin78. Verður tekið inn á starfsdag starfsmanna haustið 2025.



Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er aldrei liðin. Stjórnendur skulu leitast við að vera ávallt meðvitaðir um ríkjandi vinnustaðamenningu og grípa til ráðstafana brjóti hún í bága við áætlun þessa eða aðrar áætlanir og stefnur sem sveitarfélagið eða stofnanir þess hafa sett sér.

AÐGERÐAÁÆTLUN 2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem þjónustuaðili

Menntun og skólastarf

Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum og er á ábyrgð Húnaþings vestra og stofnana þess hafi jafna stöðu kynjanna og fjölbreytni nemendahópsins að leiðarljósi. Samþætta skal mannréttindasjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi líkt og gert er í nýlegri menntastefnu.

Aðgerð

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um mannréttindamál þar sem þeir eru virkir þáttakendur. Mannréttindafræðslu fylgi umræður um viðfangsefnið og skapandi verkefni.

Kennslu- og námsgögn yfirfarin markvisst þannig að ekki sé mismunað á grundvelli kyns, kynhneigðar, - tjáningar, - vitundar eða - einkenna, aldurs, trúar, þjóðernis eða fötlunar.

Unnið verði að forgangsmarkmiðum menntastefnu Húnaþings vestra um lýðræði og mannréttindi.

Unnið verði að forgangsmarkmiðum menntastefnu Húnaþings vestra um jafnrétti.

Reglubundin fræðsla um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtök 78.

Ábyrgð

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjörnendur.

Skólastjörnendur.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjörnendur.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjörnendur.

Skólastjörnendur.

Tímamörk

Aldrei lokið.

Aldrei lokið.

Aldrei lokið.

Aldrei lokið.

Á gildistíma samningsins.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem þjónustuaðili

Menntun og skólastarf, framhald

Aðgerð

**Þátttaka nemenda í verkefninu
barnvænt sveitarfélag.**

**Öllum börnum frá 12 mánaða aldri
stendur til boða leikskólapláss eða
dagvistunarúrræði þar til lögbundin
skólaganga hefst.**

**Aðstaða grunn- og leikskóla henti
þörfum ólíkra hópa nemenda. M.a.
með því að koma upp búningsaðstöðu
í íþróttamiðstöð fyrir kynsegin börn og
ókyngreindum snyrtungum í
skólabyggjingum sveitarfélagsins.**

Ábyrgð

Verkefnisstjóri verkefnisins og
stýrihópur.

Sveitarstjórn, sveitarstjóri, sviðsstjóri
fjölskyldusviðs og skólastjóri leikskóla.

Sveitarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs,
íþróttar- og tómstundafulltrúi og
rekstrarstjóri.

Tímamörk

Lokið. Nemendur eru þáttakendur í
stýrihópi verkefnisins.

Aldrei lokið.

Fyrir mitt ár 2025.



Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum og er á ábyrgð
Húnaþings vestra og stofnana þess hafi jafna stöðu kynjanna og fjölbreytni
nemendahópsins að leiðarljósi.

AÐGERÐAÁÆTLUN 2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem þjónustuaðili

Tómstundir og íþróttir

Gerð er sú krafa til félaga með fasta styrktarsamninga við Húnaþing vestra að gætt skuli samþættingar mannréttindasjónarmiða við alla áætlanagerð og stefnumótunarvinnu. Einnig er mikilvægt að horfa til staðalímynda kynjanna í tómstunda- og íþróttastarfi.

Aðgerð

Styrktarsamningar sveitarfélagsins við íþróttafélög innihaldi ákvæði um samþættingu mannréttinda-sjónarmiða og hvernig öryggi iðkenda sé tryggt.

Reglubundin fræðsla til starfsmanna íþróttafélaga um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.

Styrktarsamningar sveitarfélagsins við íþróttafélög innihaldi ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun.

Hvatning til nýtingar frístundakorts með auglýsingum á vefmiðlum sveitarfélagsins.

Nýting frístundakorts greind eftir kyni og alðri.

Ábyrgð

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og íþróttta- og tómstundafulltrúi.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og íþróttta- og tómastundafulltrúi.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Tímamörk

Þegar samningar eru undirritaðir.

Árlega í samræmi við samning við Samtökin78 á sama tíma og fræðsla fyrir nemendur og kennara í grunn- og leikskóla.

Þegar samningar eru undirritaðir.

Í upphafi hvers árs og síðari hluta árs.

Við lok hvers árs þegar frestur til að nýta frístundakort er liðinn.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem þjónustuaðili

Tómstundir og íþróttir, framhald

Aðgerð

**þeir aðilar sem hafa fasta
styrktarsamninga við sveitarfélagið
skulu gæta jafnréttissjónarmiða við
skipan í nefndir, ráð og stjórnir og í
sarfi sínu almennt.**

**Hugað sé að hinsegin iökendum í
íþrótta- og tómstundastarfi og tryggt
að aðstaða og nálgun henti þeim.**

Ábyrgð

Sveitarstjóri tryggir við yfirlestur
samninga að gerð sé grein fyrir
skyldum félaga í samningnum.

Sveitarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs
og rekstrarstjóri. Forsvarsmenn
íþróttafélaga og tómstundastarfs.

Tímamörk

þegar samningar eru undirritaðir.

Fyrir mitt ár 2025.



Allir einstaklingar skulu njóta grundvallar mannréttinda og eiga jafna möguleika á að njóta
eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trúar,
lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar,
kyneinkennum, kyntjáningar og annarrar stöðu. Lögð er áhersla á frumkvæði
sveitarfélagsins í jafnréttismálum.

AÐGERÐAÁÆTLUN 2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem þjónustuaðili

Þjónusta fyrir alla

Fordómaleysi og skýr jafnréttissýn einkenni þjónustu Húnaþings vestra og endurspeglist í henni. Hatursorðræða og hatursglæpir verði ekki liðnir í sveitarfélagini og unnið gegn slíku með fræðslu. Leitast verður við að fá fram þátttöku sem flestra hópa í stefnumótun sveitarfélagsins til að fá fram sem flest sjónarmið. Jafnframt að þjónusta sveitarfélagsins henti sem flestum hópum íbúa með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélagini og gera það ákjósanlegri búsetukost en ella.

Aðgerð

Skilgreining gilda starfsmanna sveitarfélagsins og þjónustuloforðs þeirra til „viðskiptavina“ á starfsdegi með öllu starfsfólk sveitarfélagsins.

Reglubundin fræðsla til starfsmanna um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.

Innleiðing barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með verkefninu Barnvænt sveitarfélag.

Tryggja nægilega þjónustu við aldraða og öryrkja í sveitarfélagini og að þeir eigi kost á að búa á heimili sínu eins lengi og unnt er.

Ábyrgð

Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Verkefnisstjóri og stýrihópur.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Tímamörk

Fyrir lok árs 2025.

Árlega á sama tíma og fræðsla fyrir nemendur og kennara í grunn- og leikskóla.

Fyrir lok árs 2025.

Aldrei lokið.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra sem samstarfsaðili og verkkaupi

Húnaþing vestra á í samstarfi við fjölda aðila og er jafnframt stór verkkaupi. Leitast er við að vinna með með opinberum aðilum, háskólasamféluginu, einkaaðilum og félögum sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun og þekkingaröflun og miðlun á sviði mannréttinda.

Samvinna i þágu jafnréttis

Aðgerð

Þau félög sem hafa fasta styrktarsamninga við Húnaþing vestra skulu við skipan í nefndir, ráð og stjórnir gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Ábyrgð

Sveitarstjóri tryggir við yfirlestur samninga að gerð sé grein fyrir skyldum félaga í samningum.

Tímamörk

Þegar samningar eru undirritaðir.

Viðskipti i þágu jafnréttis

Aðgerð

Í útboðsauglýsingum komi fram ákvæði um virðingu fyrir mannréttindum, kjarasamningum o.s.frv. eftir því sem við á.

Ábyrgð

Sveitarstjóri, sviðsstjórar, rekstrarstjóri, verkefnistjóri umhverfismála og aðrir þeir sem auglýsa verk fyrir hönd sveitarfélagsins.

Tímamörk

Þegar verk eru auglýst.

AÐGERÐAÁÆTLUN

2023-2026

HÚNAÞING VESTRA

Endurskoðun og eftirfylgni

Meginmarkmiðið er að áætlunin skili tilætluðum árangri. Til að svo megi verða þarf að fara fram reglulegt mat á stöðu aðgerða, hvað hefur gengið vel og hvað betur má fara. Í því augnamiði skal jafnréttisáætlun Húnaþings vestra rædd árlega í byggðaráði í janúar ár hvert að undangenginni könnun meðal starfsmanna og stöðumati sveitarstjóra. Skal áætlunin jafnframt endurskoðuð eftir þörfum. Þetta er gert til að markvisst sé unnið að jafnrétti innan sveitarfélagsins svo að raunverulegur árangur náiist. Ábyrgðaraðilar jafnréttisáætlunar skulu yfirfara aðgerðir reglulega.

Aðgerð

Stöðumat aðgerða jafnréttisáætlunar lagt fyrir byggðarráð.

Spurningakönnun lögð fyrir starfsmenn þar sem leitað er eftir sjónarmiðum sem taka ætti tillit til í jafnréttisáætlun og/eða á stöðu verkefna.

Endurskoðun stefnu og tillaga að breytingum á aðgerðaáætlun unnin á grundvelli stöðumats, kannana og árangurs.

Ábyrgð

Sveitarstjóri.

Sveitarstjóri.

Byggðarráð.

Tímamörk

Lokið í desember ár hvert.

Lokið í desember ár hvert.

Lokið í janúar ár hvert.



Meginmarkmiðið er að áætlunin skili tilætluðum árangri. Til að svo megi verða þarf að fara fram reglulegt mat á stöðu aðgerða, hvað hefur gengið vel og hvað betur má fara.

JAFNRÉTTISÁÆTLUN

HÚNAÞING VESTRA

Byggðarráð samþykkti að drögin yrðu sett í opið samráð á 1185. fundi byggðarráðs þann 14. ágúst 2023. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt á 1186. fundi byggðarráðs þann 4. september 2023.

Samþykkt á 371. fundi sveitarstjórnar þann 14. september 2023.

Stöðumat lagt fyrir byggðarráð 16. desember 2024. Spurningakönnun meðal starfsmanna lögð fyrir í desember 2024, athugasemdir almennt jákvæðar og gáfu ekki tilefni til breytinga.

Endurskoðuð áætlun samþykkt á 1235. fundi byggðarráðs þann 6. janúar 2025.


Endurskoðuð áætlun samþykkt á 387. fundi sveitarstjórnar þann 9. janúar 2025.



Skjal þetta hefur vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 4, 5, 8 og 10.



Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.



Mat á aðgerðaáætlun jafnréttisstefnu		des.24					
Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tíamörk	Staða	Skýringar	Tillaga að breytingu	Ný tíamörk	
Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnunum skal kannáð árlega og ábendingum um úrbætur komið til formanns byggðarráðs.	Sveitarstjóri	Samhlíða vinnu við gerð ársreiknings ár hvert.				Lokið	
Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2026 verður birt áskorun til framboða sem hyggjast bjóða fram á heimasiðu sveitarfélagsins þar sem hvatt verður til jafnarar stöðu kynjanna og fjölbreytni á framboðslistum.	Sveitarstjóri	Snemma árs 2026 verður hvatning birt á heimasiðu sveitarfélagsns.				Í vinnslu	
Fyrirtækjum, hlutafélögum og samstarfsverkefnum sem sveitarfélagið er aðili að send tilkynning um áætlunina og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra samkvæmt henni.	Sveitarstjóri	Fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2024.			Frétt birt á miðlum sveitarfélagsins þar sem fyrirtæki, hlutafélög og aðilar að samstarfsverkefnum sem sveitarfélagið er páttakandi í þar sem athygli er vakin á áætluninni og þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra samkvæmt henni.	Fyrir lok annars ársfjórðungs 2025	Tíamörk ekki liðin
Jafnréttisáætlun kynnt íbúum með birtingu á vefmiðlum sveitarfélagsins.	Sveitarstjóri.	Innan tveggja vikna frá samþykki áætlunarinnar.			Athygli vakin á áætlun árlega með birtingu á vefmiðlum sveitarfélagsins.	Að aftokinni endurskoðun ár hvert.	Ekki hafið
Jafnréttisáætlun kynnt fyrir starfs- og nefndarfólk.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.	Verði lokið innan þriggja mánaða frá samþykkt áætlunarinnar.			Jafnréttisáætlun kynnt árlega fyrir starfs- og nefndarfólk.	Að aftokinni endurskoðun ár hvert.	
Fréttir og fjölmíðlaumfjöllun rýnd til að leggja mat á hvort jafnréttissjónarmiða sé gætt.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og þeir sem fram koma fyrir hönd sveitarfélagsins. Aldrei lokið. Allir þeir sem skrifa efni fyrir hönd sveitarfélagsins.	Allir þeir sem skrifa efni fyrir hönd sveitarfélagsins. Aldrei lokið.					
Nota skal kynhlutlaust orðalag í efni sem gefið er út af sveitarfélagini.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.	Nú þegar á megin síðu sveitarfélagsins. Fyrir lok árs 2024 á öðrum síðum.					
Fræðsla um sampættingu mannréttindasjónarmiða fyrir sveitarstjórnarfólk, nefndarfólk og stjórnendur sveitarfélagsins.	Sveitarstjóri	Fyrir lok annars ársfjórðungs 2024.				Fyrir lok annars ársfjórðungs 2025.	
Ritaður texti og myndbirtingar mismuni ekki eða séu einstaklingum eða hópum til minnkunar.	Sveitarstjóri Forstöðumenn	Allir þeir sem setja efni inn á vefmiðla sveitarfélagsins, koma fram í fjölmíðlum eða tjá sig út á við í nafni sveitarfélagsins. Aldrei lokið.					
Fræðsla fari fram á vegum Samtakanna78 í öllum stofnumnum sveitarfélagsins.	Stofnana. Ártega í samræmi við samning Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn	Ártega í samræmi við samning sveitarfélagsins við Samtökin78.					
Endurskoðun mannausstefnu Húnaþings vestra Launagreining framkvæmd regluglega til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar.	Stofnana.	Fyrir lok annars ársfjórðungs 2024.		Lauk í des 2024			
Viðhald jafnlaunavottunar. Ráðningar skulu vera samkvæmt stjórnýslulögum, jafnréttislögum, öðrum þeim gildandi lögum sem varða ráðningar og gildandi reglum og samþykktum sveitarfélagsins.	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnýslusviðs.	Í tengslum við árlegar úttektir jafnlaunavottunar.					
Í starfsauglysingum kemur fram hvatning um að öll kynsæki um störf.	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnýslusviðs.	Ártega.					
	Sá sem ber ábyrgð á ráðningunni.	Alltaf þegar störf eru laus til umsóknar.					
	Sá sem ber ábyrgð á ráðningunni.	Alltaf þegar störf eru laus til umsóknar.					

Árlegar tölfræðiupplýsingar á samsetningu vinnuafsl sveitarfélagsins með tilliti til kyns og aldurs og annarra aðgengilegra breyta.	Launafulltrúi. Sviðsstjórar og forstöðumenni viðkomandi stofnana í samræmi við úttekt Farskólangs og verkefnis Þráðslustjóri að láni.	Í samhengi við ársreikning ár hvert. Árlega eða eftir pörfum.	Fyrst 2025
Starfsfólk sækir starfspróun samkvæmt starfsprúnaráetlun vinnustaðar sem byggir á verkefnum og vaxtarþórf starfsfólks óháð kyni, aldri eða óðrum breytum eftir atvikum.	Sviðsstjórar og forstöðumenni viðkomandi stofnana.	Aldrei lokið.	
Starfsfólk gefinn kostur á mismunandi starfshlutfalli og sveigjantegum vinnutíma ef þess er nokkur kostur með tilliti til kjarasamninga, verkefna viðkomandi starfsmanns, aðstæðna og fjárhjemilda hverju sinni. Forrðamenn/føredra hvattir til að nýta/taka til jafns fæðingar- og foreldraorlof og heimavenu vegna veikinda barna.	Sviðsstjórar og forstöðumenni viðkomandi stofnana.	Aldrei lokið.	
Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð skulu vera til staðar og aðgengilegar á starfsmannavef Húnapings vestra.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenni viðkomandi stofnana.	Aldrei lokið.	
Hvers kyns ofbeldi er aldrei liðið í stofnunum sveitarfélagsins.	Allt starfsfólk.	Aldrei lokið.	
Reglubundin fræðsla um kynhneigð, kynvitund og máléfni hinsegin fólk í samræmi við samning við Samtök78.	Forstöðumenn	Í samræmi við samning við Samtök78.	Áætlun uppfærð 2024
Á öltum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um mannréttindamál par sem þeir eru virkrið páttakendur. Mannréttindafraðslu tylgi umræður um viðfangsefnið og skapandi verkefni.	fjólskyldusviðs og skólastjórmendur.	Aldrei lokið.	Á að mestu við grunn- og leikskóla en mætti taka inn á starfsdag
Kennslu- og námsgögn yfirfarin markvisst þannig að ekki sé mismunað á grundvelli kyns, kynhneigðar, - tjánigar, - vitundar eða - einkenna, aldurs, trúar, þjóðernis eða fötlunar.	Skólastjónendur.	Aldrei lokið.	Endurskoðun og yfirferð menntastefnu stendur yfir hjá Farsældarteymi.
Unnið verði að forgangsmarkmiðum menntastefnu Húnapings vestra um jáfrnrétti.	Sviðsstjóri fjólskyldusviðs og skólastjónendur.	Aldrei lokið.	Endurskoðun og yfirferð menntastefnu hafin hjá Farsældarteymi.
Unnið verði að forgangsmarkmiðum menntastefnu Hunapings vestra um jafrnrétti.	Sviðsstjóri fjólskyldusviðs og skólastjónendur.	Aldrei lokið.	Endurskoðun og yfirferð menntastefnu hafin hjá Farsældarteymi.
Reglubundin fræðsla um kynhneigð, kynvitund og máléfni hinsegin fólk í samræmi við samning við Samtök78.	Sviðsstjóri fjólskyldusviðs og skólastjónendur.	Á gildistíma samningsins.	
Þátttaka nemenda í verkefninu barnvænt sveitarfélag.	Verkefnistjóri verkefnisins og stýrihópur.	Fyrir lok árs 2024.	Nemendur eru þáttakendur í stýrihópi.
Öllum börnum frá 12 mánaða aldri stendur til boða leiksþólaplass eða dagvistunarúrræði þar til lögbundin skólaganga hefst.	Sveitarstjórn, sveitarstjóri, sviðsstjóri fjólskyldusviðs og skólastjóri leikscola.	Aldrei lokið.	
Aðstaða grunn- og leikskóla henti þórfum ólíka hópa nemenda. M.a. með því að koma upp búningsaðstóðu í þróttamiðstöð fyrir kynsegin börn og ókyngréindum smyrtungum í skólabyggingum sveitarfélagsins. Styrktarsamningar sveitarfélagsins við þróttafelög innihaldí ákvæði um sampættingu mannréttindasjónarmiða og hvernig öruggi iðkenda sé tryggt.	Sveitarstjóri, sviðsstjóri fjólskyldusviðs, íþróttá- og tómstundafulltrúi og rekstrarstjóri.	Fyrir mitt ár 2025.	Búningsóstaða fyrir kynsegin börn er komin upp í þróttamiðstöð.
	Sviðsstjóri fjólskyldusviðs og íþróttá- og tómstundafulltrúi.	Þegar samningar eru undirritaðir.	Samningar hafa ekki verið endurnýjaðir.

Reglugbundin fræðsla til starfsmanna íþróttafélaga um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtókin78.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Árlega í samræmi við samning við Samtókin78 á sama tíma og fræðsla fyrir nemendur og kennara í grunn- og leikskóla.	
Styrktarsamningar sveitarfélagsins við íþróttafélög innihaldi ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun. Hvatning til nyttingar fristundakorts með auglýsingum á vefmiðlum sveitarfélagsins.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og íþróttá- og tómastundafulltrui.	Þegar samningar eru undirritaðir. Í upphafi hvers árs og síðari hluta árs.	Samningar hafa ekki verið endumýjaðir.
Nytting fristundakorts greind eftir kyni og aldrí.	Sviðsstjóri fjölmála- og stjórnsýslusviðs.	Við lok hvers árs þegar frestur til að nýta fristundakort er liðinn.	
Þeir aðilar sem hafa fasta styrktarsamninga við sveitarfélagið skulu gæta jafnréttissjónarmiða við skipan í nefndir, ráð og stjórnir og í sari sínu almennit.	Sveitarstjóri tryggir við yfирtestur samninga að gerð sé grein fyrir skyldum félaga í samningnum.	Þegar samningar eru undirritaðir.	
Hugað sé að hinsegin iökendum í íþróttá- og tómastundastarf og tryggt að aðstaða og nálgun henti þeim.	Sveitarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og rekstrarstjóri.	Fyrir mitt ár 2025.	
Skilgreining gilda starfsmanna sveitarfélagsins og þjónustu-loforð þeirra til „viðskiptavina“ á starfsdegi með ölu starfsfólk sveitarfélagsins.	Forsvarsmenn íþróttafélaga og tómastundastarfs.	Fyrir lok árs 2024.	Hefur verið gert að hluta í vinnu við mannaúðstefnu. Starfdagur verður haldinn haust 2025 Gert í grunn- og leikskóla. Þórf á því að bjóða öðrum starfsmönnum að sitja fræðsluna.
Reglugbundin fræðsla til starfsmanna um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtókin78.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.	Árlega á sama tíma og fræðsla fyrir nemendur og kennara í grunn- og leikskóla.	Fyrir lok árs 2025.
Innleiðing barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna með verkefninu Barnvænt sveitarfélag.	Verkefnistjóri og stýrihópur.	Fyrir lok árs 2024	
Tryggja nægilega þjónustu við aldraða og öryrkja í sveitarfélagini og að þeir eigi kost að bú a heimili sínu eins lengi og unnt er.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Aldrei lokið. Sveitarstjóri tryggir við yfırtestur samninga að gerð sé grein fyrir skyldum félaga í samningum.	Stýrihópur starfandi og vinnur samhlíða að innleiðingu heimsmarkmiða og heilsueflandi sveitarfélag. Mikil vinna í gangi í tengslum við Gott að eldast og uppsettningu samfélagsmiðstöðvar.
Þau félög sem hafa fasta styrktarsamninga við Húnaping vestra skulu við skipan í nefndir, ráð og stjórnir gæta bess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrijá fultrúa er að ræða.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar, rekstrarstjóri, verkefnistjóri umhverfismála og aðrir þeir sem auglysa verk fyrir hönd sveitarfélagsins.	Þegar samningar eru undirritaðir.	
Í útboðsauglýsingum komi fram ákvæði um virðingu fyrir mannréttindum, kjarasamningum o.s.frv. eftir því sem við á.	Sveitarstjóri	Þegar verk eru auglýst.	EKKI hafa farið fram formleg útboð frá því áætlunin tók gildi.
Stöðumat aðgerða jafnréttisáætlunar lagt fyrir byggðarráð.	Sveitarstjóri	Lokið í desember ár hvert. Fyrst árið 2024	
Spurningakönnun lögð fyrir starfsmenn þar sem leitað er eftir sjónarmiðum sem tak að til til í jafnréttisáætlun og/eða á stöðu verkefna.	Sveitarstjóri	Lokið í desember ár hvert. Fyrst árið 2024	Könnun í vinnslu
Endurskoðun stefnu og tilлага ó breyttingum á aðgerðaáætlun unnið á grundvelli stöðumats, kannana og árangurs.	Sveitarstjóri	Lokið í janúar ár hvert. Fyrst árið 2025.	